




Borgarstjórnin í Reykjavík



Reykjavík, 20. ágúst 2015
R15060183
020-1
KSt/lss

Faxaflóahafnir sf.
Gísli Gíslason,
Tryggvagötu 17
121 REYKJAVÍK

Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um að við stjórnarskipti verði nýjar stjórnir upplýstar um ólokin verkefni

Á fundi borgarráðs þann 20. ágúst 2015 var lögð fram að nýju tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um að við stjórnarskipti verði nýjar stjórnir upplýstar um ólokin verkefni, sbr. 42. lið fundargerðar borgarráðs frá 18. júní sl. Jafnframt var lögð fram umsögn innri endurskoðanda, dags. 5. ágúst 2015.

Borgarráð samþykkti að vísa tillögunni til stjórna viðkomandi B-hluta fyrirtækja.

Kristbjörg Stephensen
e.u.

Samrit:
Strætó bs.
Sorpa bs.
Orkuveita Reykjavíkur
Hjálagt:
Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina
Umsögn innri endurskoðanda

BORGARRÁÐ 18.6.2015: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um að við stjórnarskipti verði nýjar stjórnir upplýstar um ólokin verkefni - R15060183

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Þegar að stjórnarskipti verða í félögum og samlögum í eigum borgarinnar eftir kosningar getur verið vandasamt verkefni fyrir nýja stjórn að setja sig inn í þau verkefni sem eru í gangi í félaginu hverju sinni. Ekki er hægt að tryggja að þeir aðilar sem sátu á síðasta kjörtímabili sitji áfram og komi þannig þekkingu á milli. Fundargerðir eru misvel unnar og því vandasamt að treysta alfarið á þær upplýsingar sem þar koma fram. Ekki eru gerðar neinar sérstakar hæfniskröfur til þeirra aðila sem setjast í stjórnir fyrir hönd borgarinnar. Allt ofangreint má í raun lesa úr skýrslu innri endurskoðunar um ferðaþjónustu fatlaðs fólks. Því leggja Framsókn og flugvallarvinir fram þá tillögu að framkvæmdarstjórum hvers félags í B-hluta samstæðu borgarinnar verði með skipulögðum hætti falið það verkefni fyrir lok hvers kjörtímabils að gera verkefnaúttekt á þeim verkefnum sem eru í gangi við lok kjörtímabilsins og færast yfir til nýrrar stjórnar, sérstaklega skal horft til ólokinna verkefna, vakin athygli á áhættusömum verkefnum, málaferlum sem eru í gangi eða kunna að vera höfðuð og annað mikilvægt sem máli kann að skipta við rekstur félagsins. Skal þetta lagt fyrir nýja stjórn félagsins á fyrsta fundi hennar. Innri endurskoðun verði falið að hafa eftirlit með því að þetta sé gert og hafi heimild til að gera tillögur að úrbótum þar sem þörf er á. R15060183



Borgarráð

Tilvísun í mál R15060183: Umsögn um tillögu borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um að við stjórnarskipti verði nýjar stjórnir upplýstar um ólokin verkefni.

Á fundi borgarráðs 18. júní 2015 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Þegar að stjórnarskipti verða í félögum og samlögum í eignum borgarinnar eftir kosningar getur verið vandasamt verkefni fyrir nýja stjórn að setja sig inn í þau verkefni sem eru í gangi í félaginu hverju sinni. Ekki er hægt að tryggja að þeir aðilar sem sátu á síðasta kjörtímabili sitji áfram og komi þannig þekkingu á milli. Fundargerðir eru misvel unnar og því vandasamt að treysta alfarið á þær upplýsingar sem þar koma fram. Ekki eru gerðar neinar sérstakar hæfniskröfur til þeirra aðila sem setjast í stjórnir fyrir hönd borgarinnar. Allt ofangreint má í raun lesa úr skýrslu innri endurskoðunar um ferðaþjónustu fatlaðs fólks. Því leggja Framsókn og flugvallarvinir fram þá tillögu að framkvæmdarstjórum hvers félags í B-hluta samstæðu borgarinnar verði með skipulögðum hætti falið það verkefni fyrir lok hvers kjörtímabils að gera verkefnaúttekt á þeim verkefnum sem eru í gangi við lok kjörtímabilsins og færast yfir til nýrrar stjórnar, sérstaklega skal horft til ólokinna verkefna, vakin athygli á áhættusömum verkefnum, málaferlum sem eru í gangi eða kunna að vera höfðuð og annað mikilvægt sem máli kann að skipta við rekstur félagsins. Skal þetta lagt fyrir nýja stjórn félagsins á fyrsta fundi hennar. Innri endurskoðun verði falið að hafa eftirlit með því að þetta sé gert og hafi heimild til að gera tillögur að úrbótum þar sem þörf er á.

Innri endurskoðun hefur á liðnum árum fjallað um mikilvægi þess að samskipti Reykjavíkurborgar við B-hluta félögin séu formgerð og lagt til að í því augnamiði verði hverju þeirra sett skýr eigendastefna er leitist við að skýra hlutverk og ábyrgð eigenda og tryggja þátttöku þeirra í ákvörðunum um mikilvæg málefni og stefnumörkun. Eigendastefnur hafa þegar verið samþykktar fyrir Orkuveitu Reykjavíkur sef., Strætó bs, Sorpu bs og Hörpu tónlistarhús. Eigendastefna fyrir Félagsbústaði hf. er í umsagnarferli.

Eigendastefnur skilgreina fyrir stjórn, starfsfólki og öðrum hagsmunaaðilum hlutverk fyrirtækjanna, markmið með rekstri þeirra, stefnu eigenda varðandi þjónustu, framtíðarsýn og fjárhagsleg markmið. Einnig skýra þær umboð stjórnar og framkvæmdastjóra og kröfur eigenda um stjórnunarhætti, innra eftirlit, endurskoðun og fyrirkomulag eftirlits eigenda.

Þær eigendastefnur sem settar hafa verið eru ítarlegar og þar er m.a. umfjöllun um samskipti og skýrslugjöf. Í þeim er að finna sambærileg ákvæði, þar sem fram kemur að óski byggðaráð eigenda eða einstakir fulltrúar í þeim eftir upplýsingum frá fyrirtækjunum skal beiðni um þær komið á framfæri á vettvangi byggðaráða og beint til stjórnar eða eftir atvikum forstjóra/framkvæmdastjóra.¹ Stjórnir flestra dótturfyrirtækjanna hafa sett sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um upplýsingagjöf forstjóra/framkvæmdastjóra til stjórnar. Vel færi á því að við endurskoðun starfsreglna yrði sett inn ákvæði um reglubundna upplýsingagjöf framkvæmdastjóra við lok kjörtímabils stjórnar fyrirtækja með hliðsjón af ofangreindri tillögu Framsóknar og flugvallarvina. Slíkt ákvæði um upplýsingagjöf til stjórnar er formbinding á virku innra eftirliti og liður í því að

¹ 8.7. grein sameignarsamnings Orkuveitu Reykjavíkur, 6.4. grein eigendastefnu Strætó bs og 6.4. grein eigendastefnu Sorpu bs.



Reykjavíkurborg
Innri endurskoðun

uppfylla ákvæði eigendastefna um að stjórnir skuli tryggja skilvirka ferla um innra eftirlit. Jafnframt færi vel á því að umrædd upplýsingagjöf yrði hluti af reglubundinni skýrslugjöf stjórnar til eigenda.

Nýlega voru gefnar út uppfærðar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Í þeim er fjallað um meginreglur og skyldur stjórna, árangursmat, áhættustjórnun og innra eftirlit. Jafnframt að „fullnægjandi áhættustjórnun og innra eftirlit eru grundvallarforsendur þess að stjórn félags geti sinnt því hlutverki sem henni er falið að lögum.“ Við gerð eða endurskoðun starfsreglna stjórna innan B hluta samstæðu Reykjavíkurborgar er vert að horfa til þessara leiðbeininga.

Í ofangreindri tillögu er lagt til að innri endurskoðun verði falið að hafa eftirlit með því að umrædd verkefnaúttekt verði lögð fyrir nýja stjórn á fyrsta fundi hennar og hafi heimild til að gera tillögur að úrbótum þar sem þörf er á. Innri endurskoðun er mikilvægur þáttur í stjórnendaeftirliti og hefur það meginhlutverk að fylgjast með stjórnarháttum, áhættustýringu og virkni innra eftirlits. Í því skyni ber innri endurskoðanda að leggja fram áhættugrunndaða áætlun fyrir stjórn eða endurskoðunarnefnd um val og forgangs röðun verkefna til samræmis við meginmarkmið starfseminnar. Upplýsingar og samskipti eru mikilvægir þættir sem að jafnaði er talsvert fjallað um í úttektum Innri endurskoðunar. Þá er það eðli starfsemi innri endurskoðunar að gera tillögur til úrbóta þar sem þörf er talin á og því er ekki talið nauðsynlegt að fela innri endurskoðun sérstaklega umrætt eftirlit, fremur að áfram verði byggt á formlegu áhættumati við forgangs röðun verkefna.

Virðingarfyllst,

Hallur Símonarson,
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar